

Stefna Löggildingar ehf. skoðunarstofu í gæðamálum er eftirfarandi:

Fyrirtækið verði viðurkenndur aðili til skoðana á skipum og löggildinga á vogum, og uppfylli þær kröfur sem liggja á starfssviði þess og gerðar eru til slíkrar starfsemi, hvort sem um opinberar gæðakröfur (íslenskar eða alþjóðlegar) er að ræða eða frá viðskiptavinum.

Löggilding ætlar að veita bestu fánlegu þjónustu sem **Skoðunarstofa** samkvæmt staðlinum ISO/IEC 17020.

Í þeim tilgangi að framfylgja gæðastefnu fyrirtækisins mun Löggilding:

- Gæta hagsmuna viðskiptavina og tryggja þeim bestu mögulegu þjónustu
- Fylgir þeim reglum um trúnað, óhlutdrægni og sjálfstæði sem settar eru um faggildar skoðunar og prófunarstofur.
- Framfylgja og viðhalda verklagsreglum og öðrum skjölum gæðastjórnunarkerfis fyrirtækisins.
- Hafa hæft og vel menntað starfsfólk og viðhalda menntun og þjálfun starfsfólksins til þess að hægt sé að sinna þjónustu fyrirtækisins með framúrskarandi hætti.
- Tryggja að starfsmenn séu upplýstir um gæðastjórnunarkerfið og hafi aðgang að skjölum sem tengjast starfssviði viðkomandi starfsmanns.
- Nota viðurkennda undirverktaka í sérverkefnum.
- Fylgjast með löggjöf, nýjungum og þróun sem snertir þjónustusviðið og fylgja öðrum opinberum kröfum sem eiga við.
- Hafa yfir að ráða viðeigandi tækjabúnað og tryggja reglubundið viðhald á honum til starfsemi fyrirtækisins.
- Leggja áherslu á stöðugt umbótastarf í allri starfsemi sinni.

Akranesi 1.11.2023

Ásgeir Örn Kristinsson



Valmundur Árnason

